

**Veðskuldabréfasjóðurinn Virðing**

**Ársreikningur**

**2015**



# Efnisyfirlit

## Ársreikningur - Veðskuldabréfasjóðurinn Virðing

	Bls.
Skýrsla stjórnar .....	2
Áritun óháðs endurskoðanda .....	3
Rekstrarreikningur árið 2015 .....	4
Efnahagsreikningur 31. desember 2015 .....	5
Yfirlit um breytingu á hreinni eign árið 2015 .....	6
Skýringar .....	7 - 9

### Stjórn Veðskuldabréfasjóðsins Virðingar

Kristján Einarsson, stjórnarformaður  
Anna Bjarney Sigurðardóttir  
Ingólfur Guðmundsson

### Framkvæmdastjóri

Þórólfur Sigurðsson

### Kjörinn endurskoðandi

Baker Tilly Rýni  
Rýni endurskoðun ehf.  
Gunnar Þór Ásgeirsson

# Skýrsla stjórnar

Veðskuldabréfasjóðurinn Virðing er fagfjárfestastjóður sem rekinn er af Rekstrarfélagi Virðingar hf.

Ársreikningur sjóðsins er hluti af ársreikningi Rekstrarfélags Virðingar hf. sem inniheldur ársreikning félagsins ásamt ársreikningum verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestastjóða Rekstrarfélags Virðingar hf. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og aðrir sjóðir Rekstrarfélags Virðingar hf. Þessi framsetning á reikningnum er í samræmi við reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu.


Sjóðurinn var í rekstri Rekstrarfélags verðbréfasjóða ÍV hf. frá stofnun sjóðsins árið 2008 en í lok mars 2014 var samið um flutning sjóðsins til Rekstrarfélags Virðingar hf. Í lok maí 2014 gaf sjóðurinn út skuldabréfaflokkinn VEDS1 14 01 að nafnvirði 10,8 milljarða króna. Fjárfestar fengu afhent skuldabréf á móti eign sinni í hlutdeildarskírteinum auk þess sem þeir fengu greiddar ríflega 400 milljónir króna í peningum. Skuldabréfin voru tekin til viðskipta í Kauphöll Íslands í byrjun júlí 2014.

Hagnaður ársins nam 22,0 milljónum króna. Hrein eign sjóðsins í lok tímabilsins var jákvæð um 95,6 milljónir króna samkvæmt efnahagsreikningi.

Stjórn Veðskuldabréfasjóðsins Virðingar og framkvæmdastjóri Rekstrarfélags Virðingar hf. staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2015 með undirritun sinni.


Reykjavík, 3. mars 2016

Stjórn:



Ann B. Sigurdóttir.

Framkvæmdastjóri



# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar og hluthafa Veðskuldabréfasjóðs Virðingar

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Veðskuldabréfasjóðs Virðingar fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

### Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur og fyrir því að innleiða innra eftirlit að því marki sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að gera ársreikning, sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

### Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2015, efnahag þess 31. desember 2015 og breytingu á hreinni eign á árinu 2015, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóð og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar, komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum, sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 3. mars 2016

**Baker Tilly Rýni**  
**Rýni endurskoðun ehf.**

Gunnar Þór Asgeirsson  
lögiltur endurskoðandi

## Rekstrarreikningur ársins 2015

---

	Skýr.	2015	2014
<b>Fjármunatekjur</b>			
Vaxtatekjur og verðbætur .....		453.679.731	827.715.339
Vaxtagjöld .....		(409.507.115)	(209.107.692)
<b>Hreinar fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>		<u>44.172.616</u>	<u>618.607.647</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Umsýsluþóknun .....		15.413.937	18.000.003
Annar rekstrarkostnaður .....		6.745.025	31.874.042
<b>Rekstrargjöld</b>		<u>22.158.962</u>	<u>49.874.045</u>
<b>Afkoma ársins færð á hlutdeildarskírteini</b>		<u><u>22.013.654</u></u>	<u><u>568.733.602</u></u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2015

Eignir	Skýr.	2015	2014
<b>Fjárfestingar:</b>			
Verðbréf með föstum tekjum .....	3,4	7.326.621.814	8.319.372.441
<b>Verðbréf</b>		<u>7.326.621.814</u>	<u>8.319.372.441</u>
<b>Aðrar eignir</b>			
Sjóðir og bankainnstæður .....		478.180.348	473.829.492
<b>Aðrar eignir</b>		<u>478.180.348</u>	<u>473.829.492</u>
<b>Eignir alls</b>		<u>7.804.802.162</u>	<u>8.793.201.933</u>
<b>Hlutdeildarskírteini og skuldir</b>			
Hlutdeildarskírteini .....	3	95.616.378	73.602.724
<b>Hlutdeildarskírteini alls</b>		<u>95.616.378</u>	<u>73.602.724</u>
Skuldabréfaútgáfa .....		7.612.584.993	8.693.823.989
Ýmsar skammtímaskuldir .....		96.600.791	25.775.220
<b>Aðrar skuldir alls</b>		<u>7.709.185.784</u>	<u>8.719.599.209</u>
<b>Hlutdeildarskírteini og skuldir alls</b>		<u>7.804.802.162</u>	<u>8.793.201.933</u>
Hlutdeildarskírteini .....		95.616.378	73.602.724
Fjöldi eininga .....		600.000	600.000
Gengi sjóðsbrefa í lok ársins .....		159,36	122,67

## Yfirlit um breytingar á hreinni eign árið 2015

---

	Skýr.	2015	2014
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Fagnaður færður á hlutdeildarskírteini .....		<u>22.013.654</u>	<u>568.733.602</u>
<b>Hækkun á hlutdeildarskírteinum .....</b>		22.013.654	568.733.602
<b>Hlutdeildarskírteini í ársbyrjun .....</b>		73.602.724	11.286.719.000
Breyting vegna útgreiðslu og lækkunnar .....		0	(11.781.849.878)
<b>Hlutdeildarskírteini í lok ársins .....</b>		<u><u>95.616.378</u></u>	<u><u>73.602.724</u></u>

# Skýringar

---

## 1. Starfsemi

Veðskuldabréfasjóður Virðingar er fagfjárfestastjóður í rekstri Rekstrarfélags Virðingar hf.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Veðskuldabréfasjóðsins Virðingar fyrir árið 2015 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða útgefnar af Fjármálaeftirlitinu.

Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðreikningsskilum að því undanskildu að verðbréf eru skráð á markaðsvirði.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sjóðsins.

### Mat og ákvarðanir

Í samræmi við lög um ársreikninga ber stjórnendum við gerð ársreiknings að meta, draga ályktanir og taka ákvarðanir sem hafa áhrif á eignir, skuldir, tekjur og gjöld á reikningsskiladegi. Það sama gildir um upplýsingar í skýringum ársreiknings. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Fjármagnsliðir

Fjármagnsliðir eru færðir í rekstrarreikning á því tímabili sem þeir falla til miðað við virka vexti. Meðal fjármagnsliða eru afföll, yfirverð og annar mismunur sem kann að vera á upphaflegu bókfærðu verði fjármálagerninga og fjárhæða á gjalddaga miðað við virka vexti.

Virkir vextir eru ávöxtunarkrafa sem notuð er við núvirðingu áætlaða sjóðstreymis yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings eða styttra tímabil, eftir því sem við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar eða fjárskuldariðinnar í efnahagsreikningi. Þegar virkir vextir eru reiknaðir áætla samstæðan sjóðstreymi með tilliti til allra samningsþátta fjármálagerninga en tekur ekki tillit til útlánataps í framtíðinni.

### Gengismunur

Gengismunur er óinnlestur hagnaður eða tap af fjárfestingareignum. Matsbreytingar fjárfestingareigna sem og gengismunur erlendra mynta er færður í rekstrarreikningi þegar krafa um hann myndast.

### Umsýsluþóknunir

Sjóðurinn greiðir Rekstrarfélagi Virðingar hf. umsýsluþóknun sem ætlað er að standa undir rekstrarkostnaði og umsýslu vegna þeirra. Umsýsluþóknun er tilgreind sérstaklega í reglum sjóðsins.

### Lotun gjalda

Útgjöld eru færð á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.



# Skýringar

---

## Fjárfestingarverðbréf

Fjármálagæringar sem skráðir eru á skipulögðum verðbréfamarkaði sem er virkur og verðmyndandi eru metnir á markaðsverði í lok tímabilsins. Virði annarra fjármálagæringa er háð mati rekstrarfélags að teknu tilliti til markaðsaðstæðna hverju sinni. Við mat á þessum eignum er reiknuð niðurfærsla sem tekur mið af almennri áhættu, áætluðu endurheimtuhlutfalli og aðstæðum á markaði í lok tímabilsins.

Hlutabréf sem skráð eru á skipulögðum verðbréfamarkaði sem er virkur og verðmyndandi eru metin á markaðsverði í lok tímabilsins. Óskráð hlutabréf eru færð á síðasta þekktu viðskiptaverði eða áætluðu markaðsverði ef það er talið lægra.

Hlutdeildarskírteini í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum eru metin samkvæmt skráðu kaupgengi sem gildi í lok ársins.

Bundin innlán hjá lánastofnunum eru uppfærð með áföllnum vöxtum, verðbótum og gegnismun í lok ársins.

Hlutdeildarskírteini í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum eru metin samkvæmt kaupgengi í lok ársins.

## Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild.

## Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis.

## Skuldabréfaútgáfa

Langtímaskuldir eru metnar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til lækkunar langtímaskulda í ársreikningi og er innlestur í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

## Ýmsar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

## Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Fjárskuldir eru metnar á gangvirði eða nafnvirði eftir því sem við á. Innlestur og óinnlestur hagnaður og tap af þessum eignum er færður í rekstrarreikning undir liðinu vaxtagjöld og gangvirðisbreytingar skulda.

Gangvirði fjárskulda sem eru skráðar á virkum markaði er sama og skráð verð þeirra. Matsaðferðum er beitt á alla aðra fjármálagæringa við útreikning á gangvirði þeirra.

# Skýringar

## 3. Hlutdeildarskírteini

### Nafnávöxtun eigna Veðskuldabréfasjóðs Virðingar í lok árs 2015

	Síðustu 3 mánuði	Síðustu 6 mánuði	Síðustu 12 mánuði
Eignir Veðskuldabréfasjóðs Virðingar .....	0,60%	2,90%	7,50%

### Yfirlit um bókfært verðmæti og gengi hlutafjár:

	<u>Bókfært verð</u> 31.12.2015	<u>Bókfært verð</u> 31.12.2014
Veðskuldabréfasjóðurinn Virðing .....	95.616.378	73.602.724

### Yfirlit um hlutfallslega skiptingu eigna sjóðsins og fjárfestingarstefnu:

	Eign		Breyting	Fjárfestingarstefna	
	31.12.2015 %	31.12.2014 %		Lágmark %	Hámarg %
<b>Veðskuldabréfasjóðurinn Virðing</b>					
Skbr. stór Reykjavíkursvæði .....	81,8	87,4	(6)	0	100
Skbr. utan stór Reykjavíkursv. ....	12,0	7,2	5	0	20
Aðrar eignir .....	5,3	0,0	5		
Reiðufé. ....	0,9	5,4	(5)		

Sundurliðun fjárfestinga sjóðsdeilda og hlutfallsleg skipting

Veðskuldabréfasjóðurinn Virðing	Annað		Samtals	
	kr.	%	kr.	%
Aðrir fjármálagerningar .....	7.326.621.814	100	7.326.621.814	100
	<u>7.326.621.814</u>	<u>100</u>	<u>7.326.621.814</u>	<u>100</u>

## 4. Yfirlit um fjárfestingar

### Veðskuldabréfasjóðurinn Virðing

### Markaðsverð

Tíu stærstu veðskuldabréfin .....	3.844.074.440
Önnur veðskuldabréf og vanskil .....	<u>3.482.547.374</u>
Heildarverðmæti fjárfestinga .....	7.326.621.814
Handbært fé .....	478.180.348
Aðrar eignir og skuldir .....	(7.709.185.784)
Hlutdeildarskírteini samtals .....	<u><u>95.616.378</u></u>